

Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 19. júlí 2023

Mál nr. S-45/2023:

Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

(Sigurður Hólmur Kristjánsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Einar Oddur Sigurðsson lögmaður)

Dómur

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. júní sl., var höfðað af lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra 24. mars 2023 á hendur X, fæddum [...], til heimilis að A, B fyrir líkamsárás, „með því að hafa, síðdegis sunnudaginn 21. ágúst 2022, á bifreiðaplani, við eldsneytisafgreiðslu G við B, veist að Y, kt. [...], og hrint honum með þeim afleiðingum að Y féll við og lenti með hægri öxl á steypum kanti.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa

Í málinu liggur fyrir einkaréttarkrafa þar sem þess er krafist að X greiði Y kr. 300.00 í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001, frá 25.08.2022 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. á e (svo) þess jafnframt krafist að X greiði Y kr. 122.387 vegna kostnaðar skv. meðfylgjandi skýringum.“

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins og þess að allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans greiðist úr ríkissjóði.

II

Atvik máls

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu kom Y, brotþoli í máli þessu, á lögreglustöðina á Blönduósi 29. ágúst 2022 í þeim tilgangi að kæra X fyrir líkamsárás. Lögregla tók þann dag skýrslu af Y sem lýsti því að eftir stutt orðaskipti við ákærða á bílplaninu fyrir framan G á B hafi ákærði hrint honum í götuna. Haft er eftir brotþola að hann hafi lent með hægri öxlina á steiptum kanti. Eftir það hafi ekki komið til frekari samskipta milli hans og ákærða. Brotþoli kvaðst hafa haft samband við lögreglu þennan dag en vegna anna hafi lögreglan ekki getað sinnt erindi hans og það skýri hvers vegna hann komi svo seint að leggja fram kæru. Þá lýsti brotþoli því að hann hafi leitað til læknis auk þess sem hann vísar að fyrri samskiptum sínum við ákærða. Brotþoli krafðist þess að mál yrði höfðað á hendur ákærða og áskildi sér rétt til að krefjast bóta úr hendi ákærða.

Hinn 9. febrúar 2023 tók lögregla skýrslur af vitnunum D og E.

Hinn 27. febrúar 2023 var tekin lögregluskýrsla af ákærða sem þá neitaði sök og kvaðst ekki hafa snert brotþola sem hafi misstigið sig og dottið í götuna. Ákærði lýsti orðaskiptum sínum og brotþola og þá kvað hann brotþola hafa lýst því að hann ætlaði að leggja fram kæru.

Brotþoli lagði fram einkaréttarkröfu, dagsetta 27. febrúar 2023. Kröfunni fylgdi vottorð F bæklunarskurðlæknis. Í samantekt læknisins kemur m.a. fram að brotþoli hafi lent í líkamsárás og upp úr því fengið svæsin axlarhólkseinkenni vegna bólgu. Hann hafi farið í aðgerð og bólga hreinsuð og skafið af axlarhyrnubeini. Aðgerðin hafi gengið vel og líklegt að brotþoli nái sér að fullu. Að mati læknisins eru einkennin bein afleiðing af árásinni.

III

Framburður fyrir dómi

Ákærði bar að hann hafi verið að taka bensín á B þegar brotþoli kom gangandi út úr sjoppunni. Hann hafi þá sagt við brotþola „hva á ekkert að rífa kjaft núna“ Brotþoli svari með þeim orðum „grjóthaltu kjafti heilalausi fæðingarhálfviti“ Hann strunsi þá á eftir brotþola og spyrji hvað gangi að honum. Brotþoli hrasi við bílinn sinn og þeir ríftist í framhaldi af því. Samskiptum þeirra ljúki með því að brotþoli segist ætla að kæra hann. Ákærði lýsti einnig fyrri samskiptum sínum við brotþola og bróður sem ekki voru á góðum nótum. Hann hafi verið að vísa til fyrri samskipta þeirra þegar hann spurði brotþola hvort hann ætlaði ekki að rífa kjaft núna. Ákærði

neitaði alfarið að hafa hrint brotþola og bar að hann hafi ekki komið við brotþola sem hafi hrasað um kantstein.

Brotþoli bar að hann hafi verið að koma út úr sjoppunni á leiðinni að bílnum sínum. Ákærði sem hafi verið að taka bensín hafi þá hreytt einhverju í hann. Hann hafi þá sagt ákærða að hann ætti bara að þegja og skammast sín. Hann viti síðan ekki fyrir en ákærði stökkvi aftan á hann, í bak og axlir, með þeim afleiðingum að hann dettur fram fyrir sig á kantstein. Hann hafi verið með pylsu og malt í höndunum sem hann hafi hent frá sér þar sem hann hafi reynt að bera hendurnar fyrir sig. Á þessum tímamarki hafi hann staðið nánast við bílstjórastöðina á bifreið sinni. Hann hafi staðið á fætur og farið aftur fyrir bílinn og spurt ákærða hvort það væri ekki allt í lagi með hann. Ákærði hafi þá komið að honum en ekki gert neitt. Í framhaldi af þessu hafi hann ekið á brott en stoppað skömmu síðar og hringt til lögreglunnar sem hafi, vegna alvarlegs atviks sem gerst hafði sama dag, ekki getað sinnt honum, sem skýri hvers vegna hann hafi ekki lagt fram kærú sama dag. Brotþoli bar að hann hafi farið til læknis á Blönduósi þar sem teknar voru myndir. Honum hafi síðan verið vísað til sérfræðings í Reykjavík sem síðar hafi framkvæmt skurðaðgerð á öxl hans. Brotþoli kvaðst ekki hafa jafnað sig að fullu eftir aðgerðina.

Vitnið D kvaðst hafa verið inni í söluskálanum þegar atvik málsins áttu sér stað en hann hafi ekki séð atvikið vel og þá kvaðst hann ekki muna vel eftir þessu. Vitnið lýsti því að honum hafi sýnst ákærði ýta framan á brotþola en hvað gerðist í framhald af því mundi vitnið ekki. Vitnið taldi að ákærði og brotþoli hafi átt í einhverjum orðaskiptum en hann hafi ekki heyrt til þeirra. Vitnið bar að þar sem hann hafi verið inni í söluskálanum hafi hann ekki séð atvikin vel og þá sé langt um liðið frá atvikinu og því muni hann þetta ekki vel.

Vitnið E kvaðst hafa verið að aka frá sjoppunni til suðurs þegar hann sá brotþola koma svífandi yfir kantinn og ákærða standandi á planinu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða hrinda brotþola en það hljóti hann að hafa gert ella hefði brotþoli ekki dottið á bakið. Vitnið kvaðst hafa þekkja brotþola mjög vel og þá kvaðst hann einnig þekkja ákærða. Vitnið bar að hann hafi rætt atvikið við brotþola sem hafi sagt honum að ákærði hefði hrint honum. Vitnið bar að honum væri kunnugt um að eitthvað væri stirt á milli ákærða og brotþola.

Vitnið F, bæklunarskurðlæknir, staðfesti vottorð sem hann ritaði. Að sögn vitnisins var brotþoli einkennalaus í öxlinni fyrir atvikið og taldi að við fallið hafi

blæðing valdið bólgu og svokallaðri klemmu. Að mati vitnisins voru áverkar brotþola í samræmi við að hann hafi fallið á öxlina. Almennt geti svona áverkar verið vegna álags eða höggs. Vitnið kvaðst ekki geta svarað því hvort brotþoli muni jafna sig að fullu en ár geti liðið áður en fullum bata er náð.

IV

Niðurstaða

Líkt og í ákæru greinir er ákærða gefið að sök að hafa veist að brotþola og hrint honum með þeim afleiðingum sem þar er lýst. Af hálfu ákæruvaldsins er á því byggt að sekt ákærða sé nægilega sönnuð með framlögðum gögnum og framburði vitna hér fyrir dómi.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu með þeim rökum að ákæruvaldinu hafi ekki tekist, svo ekki leiki á skynsamlegur vafi, að sanna sekt hans.

Ákærði og brotþoli báru báðir fyrir dóminum að til orðaskipta hafi komið þeirra á milli á planinu fyrir utan söluskála G á B og einnig að á milli þeirra hafi verið ósætti um nokkurn tíma. Auk brotþola komu tvö vitni að atvikinu fyrir dóminn. Annað þeirra bar að það hafi ekki séð ákærða hrinda brotþola en taldi að hann hafi gert það því ella hefði brotþoli ekki fallið. Þá kom fram hjá vitninu að brotþoli hafi sagt honum að ákærði hafi hrint honum. Hitt vitnið bar að það myndi lítið eftir atvikinu en taldi að hann hafi séð ákærða ýta brotþola en lýsti því þannig að ákærði hafi ýtt framan á brotþola, andstætt því sem brotþoli bar sjálfur.

Samkvæmt 108. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 ber ákæruvaldið sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag. Þá skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Ákærði hefur allt frá upphafi rannsóknar málsins hjá lögreglu borið á sama veg og alfarið neitað sök. Framburður hans hefur verið án misræmis og einn og sér trúverðugur. Hið sama má raunar segja um framburð brotþola. Að framan er gerð grein fyrir framburði vitna að atvikinu en annað þeirra lýsti því að það hafi ekki séð ákærða ýta brotþola og hitt taldi að það hafi séð ákærða hrinda brotþola en þá hafi brotþoli snúið að ákærða andstætt því sem brotþoli lýsti. Framburður vitnanna rennir, að mati dómsins ekki nægum stöðum undir kröfur ákæruvaldsins. Að þessu gættu og því að ekki nýtur annarra gagna en framburðar vitna um atvik málsins og að teknu tilliti til staðfastrar neitunar ákærða er það niðurstaða dómsins að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sanna sekt ákærða og verður hann því sýknaður.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber með vísan til 2. mgr. 176. gr. laga um meðferð sakamála að vísa einkaréttarkröfu brotþola frá dómi.

Í ljósi úrslita málsins ber að greiða allan sakarkostnað úr ríkissjóði. Sakarkostnaður féll ekki á málið við rannsókn þess hjá lögreglu og samanstandur sakarkostnaður því af málsvarnarlaunum verjanda ákærða og 86.296 króna ferðakostnaði lögmannsins. Málsvarnarlaun að meðtöldum virðisaukaskatti þykja, að teknu tilliti til tímaskýrslu verjanda og umfangi málsins, hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir.

Sigurður Hólmar Kristjánsson aðstoðarsaksóknari lögreglustjórans á Norðurlandi vestra sótti málið.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Einkaréttarkröfu brotþola, Y, er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður, þar með talin 602.640 króna málsvarnarlaun Einars Odds Kristjánssonar lögmanns og 86.296 króna ferðakostnaður lögmannsins greiðist úr ríkissjóði.

Halldór Halldórsson